



## 12. stjórnarfundur LH

31. október 2019 kl. 18:00 Íþóttamiðstöðinni Laugardal

*Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari, Stefán Logi Haraldsson, Eggert Hjartarson og Ágúst Hafsteinsson úr aðalstjórn. Siguroddur Pétursson og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn* **Fjarverandi:** Rósa Birna Þorvaldsdóttir, Ómar Örn Ómarsson og Þórdís Arnardóttir úr varastjórn.  
*Gestir: Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir starfsmaður fór eftir lið 4. Berglind Karlsdóttir starfsmaður sat allan fundin.*

### 1. **Formaður setti fund** og skipaði Oddrúnu Ýr Sigurðardóttur sem fundarstjóra

### 2. **Samþykktir fundargerða**

Fundargerðir 9, 10, og 11 samþykktar.

### 3. **Hæfileikamótun LH**

Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir, verkefnastjóri afreksmála, kynnti fyrirkomulag á hæfileikamótun sem LH mun hrinda í framkvæmd í upphafi árs 2020. Verkefnið samanstendur af sex hópum sem verða staðsettir í hverjum landshluta fyrir sig. Fjöldi knapa í hóp er átta. Gjaldgengir í hópinn eru unglingar á aldrinum 14-17 ára (unglingaflokkur). Í verkefninu er verið að að undirbúa knapa með markvissri kennslu til að takast á við verkefni bæði hérlandis og á erlendum vettvangi. Kennt verður á þremur kennsluhelgum auk annarar fræðslu í formi sýnikennslu og fyrirlestrum.

### 4. **Drög að afreksstefnu LH**

Vilfríður kynnti drög að afreksstefnu sem verður lögð fram til samþykktar á landsþingi 2020. Drögin verða birt á vefsíðu LH á næstu vikum og send á formenn hestamannafélaganna til kynningar.

### 5. **Norðurlandamót**

Íslandshestasamband Finnlands hefur beðist undan því að halda Norðurlandamót 2020. Sænska Íslandshestasambandið býðst til að halda Norðurlandamótið með því skilyrði að öll landssamböndin deili fjárhagslegri ábyrgð á mótinu. Samþykkt að leggja til að í stað þess að samböndin deili fjárhagslegri ábyrgð verði þáttökugjöld hækkuð um 30%.

### 6. **Landssmótssamningur við Sprett**

Samningur liggur fyrir og fulltrúum í stjórn LH í LM ehf. falið að að vinna málið áfram.



## 7. Þingskjal 12

Skv. þingskjali 12, sem samþykkt var á Landsþingi 2018 er stjórn LH falið að grandskoða framgang landsmótanna því fjöldi borgandi gesta á landsmót hafi farið fækkandi. Stjórn telur að fjölda borgandi gesta landsmóta sé hægt að skoða í skýrslum sem framkvæmdastjórar skila í lok hvers móts og mósthaldarar næstu móta hafa aðgang að. Erfitt og kostnaðarsamt er að gera nákvæma greiningu á hvað veldur því að fjöldi gesta fer minnkandi en hægt er að benda á að margir ólíkir viðburðir eiga undir högg að sækja núna vegna mikils framboðs af annari afþreyingu í samfélaginu og meiri samkeppni um tíma fólks nú en áður.

## 8. 8 mánaða árshlutareikningur

Farið yfir 8 mánaða árshlutareikning 2019 og hann samþykktur.

## 9. Bréf til MAST

Á landsþingi var samþykkt að senda tilmæli til opinberra aðila um að fjarlægja verði af-lagðar sauðfjárveikivarnargirðingar sem geta valdið stórhættu fyrir hross og menn. Stjórn sendi bréf til MAST þess efnis.

## 10. Heiðursverðlaun

Samþykkt að veita Bjarnleifi Árna Bjarnleifssyni heiðursverðlaun á Uppskeruhátíð LH. Hann hefur starfað í félagsmálum hestamanna óslitið í 30 ár og er enn að. Hann var formaður landsliðsnefndar LH í tíu ár, frá hausti 2003 til ársins 2013.

## 11. Styrkur vegna FEIF Examiners seminar

Samþykktiað veita formanni menntanefndar styrk fyrir námskeiðsgjöldum og flugi til að sitja FEIF Examiners námskeið í Svíðþjóð í nóvember.

## 12. Bréf til stjórnar frá HÍDÍ

Stjórn barst erindi frá HÍDÍ varðandi styrki til dómara á HM, NM og vegna endurmenntunar. Samþykkt að skoða möguleika á styrkjum hjá ÍSÍ en hafnað að veita styrki frá LH að svo stöddu. LH greiðir dómarakostnað bæði á HM og NM til jafns við hin aðildarlöndin.

## 13. Skýrsla stjórnar

Umræður um skýrslu stjórnar sem kynnt verður á formannafundi.



#### 14. Breytingar á skrifstofu LH

Hjörný Snorradóttir baðst undan því að vera framkvæmdastjóri og stjórn réði Berglindi Karlsdóttur verkefnastjóra á skrifstofu LH í stöðu framkvæmdastjóra frá 1. nóvember. Hjörný Snorradóttir heldur áfram störfum á skrifstofu LH sem verkefnastjóri, báðar eru þær í 100% starfshlutfalli.

#### 15. Formannafundur

Farið yfir undirbúning á formannafundi og staðan góð.

#### 16. Uppskeruhátíð

Farið yfir undirbúning á Uppskeruhátíð og staðan góð.

#### 17. Erindi frá framkvæmdanefnd Íslandsmóts 2019

Erindinu frestað til næsta stjórnarfundar.

#### 18. Erindi frá Landsmóti 2020 vegna A-flokks ungmenna á Landsmóti

Samþykkt að setja það í hendur mótshaldara hvort þeir bjóði upp á A-flokk ungmenna en þeim sé ekki skilt að hafa A-flokk ungmenna á Landsmóti. Keppnisnefnd falið að vinna að frekari útfærslu í lögum og reglum LH og koma með tillögu um það á næsta landsþingi LH.

#### 19. Önnur mál

##### a) Skógarhólar

EH skýrði frá því að sótt hafi verið um styrkt til framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til að endurhlaða réttina við Skógarhóla. Ákveðið að búa til sérstaka verðskrá fyrir hestamannafelögin ef þau vilja nýta Skógarhóla vegna æskulýsðstarfs.

##### b) Fundur með framkvæmdastjóra BÍ

Föstudaginn 15. nóvember munu fulltúar LH funda með framkvæmdastjóra BÍ vegna tilfærslu tölvudeildar BÍ til RML.

*Engin önnur mál tekin fyrir, fundi slitið um 21:30*

*Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir*

*Íþróttamiðstöðin Laugardal 31. október 2019*